

EBAK - Félag eldri borgara á Akureyri

8. stjórnarfundar EBAK 12. des. 2018

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason, Garðar Lárusson, Birgir Björn Svavarsson og Egill Jónsson.

Fjarverandi: Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir og Kolbrún Kristjánsdóttir.

- 1. Fundarsetning.** Formaður setti fundinn og bauð stjórnarmenn velkomna.
- 2. Fundargerð** stjórnar EBAK nr. 7. frá 21. nóv. 2018 yfirfarin og samþykkt.
- 3. Skráning** í dagbók í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd. Hallgrímur var 21. nóv. Einn félagi hringdi. Birgir Björn var 28. nóv. Pálmi Stefánsson kom þá og sagði að hátalarnir í salnum væru lélegir og þyrfti að fá nýja, en 4 hátalarar kosta um 200.000 kr. Þegar Margrét og Grétar komu 5. des. kl. 14.30 voru tveir að skrá sig í félagið hjá Lindu. Grétar uppfærði tölvurnar í salnum og á skrifstofunni. Einn hringdi og fékk upplýsingar um skráningu í EBAK gegnum heimasíðuna.
Viðvera á skrifstofu næstu miðvikudaga: 12. des. Haukur; 19. des. Egill; 9. janúar: Halldór; 16. janúar: Dóra;
- 4. Næsti stjórnarfundar EBAK** verður 9. janúar nk. kl. 13 – 15. Samþykkt að aðalfundur EBAK verði mánudaginn 25. mars nk. Landsfundur LEB verður væntanlega 3. og 4. apríl, ef það gengur ekki þá 28. og 29. apríl.
- 5. Verkefni milli stjórnarfunda.**
 - a) Samþykkt um könnunina (sjá 9. lið)
 - b) Vinna við skráningu (sjá 6. lið)
 - c) Opinn fundur með Búfesti hsf. (sjá 8. lið)
 - d) Húsnæðisnefndarfundur með Kristni J. Reimarssyni og Hildi Bettý Kristjánsdóttur. (sjá 7. lið)
 - e) Margrét sagði allt í biðstöðu varðandi notendaráð. Hallgrímur benti á ósamræmi á heimasíðu Akureyrarbæjar um ráðið.
 - f) Stólahreinsun í salnum í Bugðusíðu. Dóra sá um að koma stólunum í hreinsun. Stólarnir eru hreinir og fínir en gera þarf við nokkra þeirra. Dóra ræddi við formann kórsins sem kom og tæmdi annan skáp kórsins. Hann verður fluttur í annað herbergi í Bugðusíðu. Einnig hafa salernin verið lagfærð.
 - g) Möppur með ýmsum gögnum voru afhentar stjórnarmönnum til notkunar.
- 6. Skráning viðburða og fjölda gesta** í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu og annarri starfssemi á vegum EBAK. Hallgrímur sagði að Grétar hefði komið á FKR fund og kynnt skráningarformið sem stjórnin hafði samþykkt. Linda og Dögg munu sjá um að skrá inn. Tilraunafærsla var gerð í desember.
- 7. Húsnæðismál.** Birgir Björn sagði að fulltrúar frá frístundaráði, Hildur Bettý Kristjánsdóttir og Kristinn Reimarsson, hefðu mætt á fund með húsnæðisnefnd EBAK 7. desember sl. Gengið var um húsið í Bugðusíðu og skoðaðir möguleikar. Kristinn boðar fund í byrjun næsta árs.
- 8. Búfesti hsf** í samstarfi við EBAK hélt kynningarfund í Bugðusíðu þann 22. nóv. sl. Tilefnið var að kynna áform Búfesti um íbúðabyggingar m.a. fyrir 60+. Fundurinn tókst vel. Mættir voru 82. Fram kom hjá Búfesti hsf að vinna EBAK að málinu væri mjög mikilvæg. Stjórn EBAK samþykkti að formaður og varaformaður EBAK ásamt Búfesti hsf skrifi undir sameiginlegt erindi til skipulagsráðs Akureyrarbæjar og bæjarráðs þar sem farið væri fram á fund með Pétri Inga Haraldssyni skipulagsstjóra um þetta sameiginlega erindi.

- 9. Könnun á líðan, kjörum og viðhorfi eldri borgara á Akureyri.** Í vinnslu.
- 10. Gestir komu á fundinn kl. 14,** fulltrúar EBAK í öldungaráði þær Sigríður Stefánsdóttir og Valgerður Jónsdóttir auk Jóns Aðalsteins Hermannssonar varamanns. Halldór Gunnarsson sem einnig er fulltrúi EBAK í öldungaráði taldi kost að hafa fulltrúa úr stjórn EBAK í öldungaráði. Sigríður Stefánsdóttir nefndi að ekki væri búið að skipa fulltrúa Akureyrarbæjar í ráðið samkvæmt nýjum lögum um öldungaráð.
- Sigríður skoraði á stjórn EBAK að óska eftir að félagið fengi nýja samþykkt fyrir öldungaráð til umsagnar áður en bæjarstjórn afgreiddi hana.
- Jón Aðalsteinn Hermannsson kvaddi sér hljóðs og nefndi að margir búa einir og eru einmana sem er alvarlegt mál og mikil þörf fyrir heimsóknþjónustu. Jón er að flytja til Víetnam og sinnir því ekki störfum sem varamaður að sinni.
- 11. Afsláttarbókin.** Garðar lagði fram lista yfir fyrirtæki á Akureyri sem gefa öldruðum afslátt. Lokaskil á þessum upplýsingum til FEB í Reykjavík er 15. janúar 2019. Málið er á góðum rekspól.
- 12. Sími og tölvumál** í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu. Hallgrímur skoðaði þessi mál. Símalínan er hjá Tengi. Hallgrími og Garðari var falið að tala við Stefnu, Símann og Tengi um reikningana.
- 13. Bréf til uppstillinganefndar.** Fyrirhugaður fundur með nefndinni í janúar 2019. Halldór sá um að hafa samband við nefndirnar og vinnur áfram að því að fá upplýsingar frá þeim um hverjir hætta og hverjir eru tilbúnir að halda áfram. FKR ákveður með uppstillinganefnd hvenær fundurinn verður.
- 14. Styrkbeiðni frá gjaldkera kórsins „Í finu formi“.** 200.000 kr. Samþykkt.
- 15. Erindi frá skemmtinefnd „Til aðalstjórnar“,** óska eftir að kaupa „trillu“ undir bleiku stólana sem eru þægilegri og fyrirferðarminni. Samþykkt 50.000 kr.
- 16. Endurnýjun á hátalarakerfinu.**
Kaupa þarf nýja hátalara. Ákveðið að fela Pálma Stefánssyni að sjá um það. Áætlaður kostnaður 200.000 kr.
- 17. Önnur mál.**
- Guðrún Sigurðardóttir þakkar fyrir afgreiðslu á erindi Powertalk og gefur upp dagsetningar fundanna.
 - Tveir álfar. Afþökkum boð um gerð nýrrar heimasíðu.
 - Garðar sagði frá fyrirhuguðu matreiðslunámskeiði í samstarfi við VMA.
 - Stafræn samskipti. Haukur sagði frá ferð sinni til Danmerkur þar sem aldraðir Danir kenna félögum sínum að nýta sér tölvutæknina. Styrkir fánlegir frá ráðuneytinu hér. Verið að þýða námsefni.
 - Mikilvægt að EBAK fái til umsagnar drög Akureyrarbæjar að útfærslu á nýjum samþykktum um öldungaráð.

Margrét Pétursdóttir